



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

~HÚN (ÉG) Á ORÐIÐ~

HVAÐ GERUM VIÐ TIL AÐ FYLLA TÓMIÐ?

Anna Guðrún Tómasdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Listaháskóli Íslands Sviðslistadeild
Vorönn/mars 2021

~ HÚN (ÉG) Á ORÐIÐ ~
HVAÐ GERUM VIÐ TIL AÐ FYLLA TÓMIÐ?
Anna Guðrún Tómasdóttir

Lokaritgerð til BA-prófs í Contemporary Dance Practices

Leiðbeinandi: Ásgerður G. Gunnarsdóttir

Contemporary Dance Practices

Sviðslistadeild

Vorönn/mars 2021

Greinargerð þessi er partur af 14 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í Contemporary Dance Practices við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita greinargerðin á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

„To me, the body says what words cannot. I believe that dance was the first art. A philosopher has said that dance and architecture were the first arts. I believe that dance was first because it's gesture, it's communication. That doesn't mean it's telling a story, but it means it's communicating a feeling, a sensation to people. Dance is the hidden language of the soul, of the body. And it's partly the language that we don't want to show.“¹

- Martha Graham

¹ The New York Times. „Martha Graham reflects on her art and a life in dance“. Sótt 17. Febrúar, 2021.

~Útdráttur~

Ég hef þær sterku skoðanir að skrifa BA ritgerðina mína í bleiku; afhverju ekki? Ég er nú að útskrifast úr Listaháskóla, þar sem okkur er kennt að sagnir finnast í öllu. Þar fyrir utan er ég lesblind svo þetta er fínt fyrir mig. Ég man alltaf eftir því að fá prófblöðin mín í litum en ég fékk þau aldrei í bleiku sem var leiðinlegt því bleikur er uppáhladsliturinn minn! Ég er heldur ekki að reyna vera formleg í þessari ritgerð. Hún verður bara torskilin og asnaleg ef ég fer að reyna það. Ég vil að ritgerðin sé skiljanleg, ekki eins og textar Andre Lepecki og fáránlegu lönguvitleysurnar hans.

Ég hef verið að rannsaka hljóð og þögn í þessu ferli. Ég mun koma inn á mannleg samskipti og hvernig við mannfólkið tjáum okkur. Í tilraunaskyni til að reyna að skilja merkingu og umfang hljóðs og þagnar, notaðist ég við hljónema. Hljóðneminn varpar bæði ljósi á samskipti fólks og hvernig hljóð og þögn verða að einu. Þarf alltaf að fylla þögnina með orðum og hljóðum? Þögnin er jú annað tjáningsform. Við tölum mikið en segjum ekki neitt.

„You start a conversation you can't even finish it.

You're talking a lot, but you're not saying anything

When I have nothing to say, my lips are sealed

Say something once, why say it again? “²

Hvað gerum við til að fylla tómið? Út frá slíkum vangaveltum hef ég rannsakað hvernig hægt er að búa til hljóð úr þögn. Af hverju er orðið hljóð, í íslenskri tungu, bæði notað um þögn og eitthvað sem heyrir í? Hvernig er hægt að skilja án orða? Án samskipta? Eru samskipti til án orða? Ég mun koma til með að tala um ferlið mitt og upplifun á þessari rannsókn. Hvaða fræði ég notaði og hvaðan innblásturinn kom. Hvernig varð verkið til og af hverju ég valdi vinna með hljóð, þögn og samskipti. Verkið *Hún (ég) á orðið* saman stendur af eftirvæntingu, forvitni og rannsóknarferli flytjanda:

² YouTube. „Talking Heads Song - Psycho Killer (Official Audio)“. Sótt 26. febrúar, 2021.

Ussh, ég er að reyna hlusta,

ertu að hlusta....?

Ég á orðið núna.

Orðið er mitt,

ég á það...

EKKI ÞÚ!

Heyrðiru það sem ég sagði?

Nei, ég segi bara svona.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	8
Yfirlýsing mín um meðvituð samskipti.....	9
1. Kafli. Fræði.....	10
1.1 Kundalini yoga – Meðvituð samskipti.....	10
1.2 William Forsyth – Choreographed object.....	11
1.3 Fighting Monkey.....	12
2. Kafli. Hljóð.....	13
3. Kafli. Um verkið.....	14
Lokaorð.....	16
Heimildarskrá.....	17

~ Inngangur ~

Þessi skrif sem á eftir fylgir er listræn rannsókn á hljóði og þögn, þar sem flytjandi leikur sér með þögnina og rannsakar hvaðan hljóðið kemur. Af hverju notum við orð til þess að tjá okkur og hvernig er okkur kennt að nota orð? Út frá þessari rannsókn og hugsunarferli, rannsakaði ég hugtakið *meðvituð samskipti (conscious communication)*. Hugtakið meðvituð samskipti er mikið fjallað um í 2. stigs kennaranámi í Kundalini yoga og er kunnáttu sem við getum öll þróað betur til að bæta sambönd milli okkar. Fræðin fjalla um að eiga meðvituð samskipti á þann hátt sem hjálpar okkur að skilja hvort annað betur. Við viljum vera meðvituð um hvað við erum að hlusta á og að við séum í raun að hlusta. *Ertu að hlusta eða ertu að hlusta hlusta?* Einnig vera meðvituð um hvað við segjum. Við viljum ekki tala án menningar, segja hvað sem okkur dettur í hug án þess að íhuga hvernig aðrir túlka orðin. Erum við að leita að samræðum eða viljum við í raun halda einræður? Hver hlustar á okkur?

Er ég að hlusta hlusta eða er ég bara að hlusta?

Rannsóknarferlið endaði með verkinu „*Hún (ég) á orðið*” eða það sem ég vil kalla það, *hélstu virkilega að ég væri að fara tala í þessari sýningu, nei ég held nú síður!* Í ritgerðinni verður aðallega vitnað í skrif danshöfundisins William Forsythe, sem og kennslubók Kundalini yoga um meðvituð samskipti og hreyfitæknina *Fighting Monkey*. Komið verður fram hvernig ferlið átt sér stað og hvernig það var að vinna sjálfstætt. Hvar innblásturinn var fenginn og hvernig aðferðir var notast við til að byggja upp verkið. Í rannsóknarvinnu var helst notast við aðferðir *Fighting Monkey* til þess að skerpa á næmni í garð líkama, hlutar og umhverfisins. Sú ákvörðun að vinna með hlut, hljóðnema, sem nokkurs konar leiðarljós var mikill lærdómur. Að hugsa um hljóðnemann sem aðaldansara gaf stærri vídd á hvað dans og kóreógrafía getur verið. Nánar verður farið út í meðvituð samskipti og hvað það er í upphafi ritgerðarinnar. Hvernig dúett myndast milli hljóðnema og líkama og hvernig ég notaði hljóð og þögn sem tól fyrir kóreógrafískar aðferðir?

~ Yfirlýsing mín um meðvituð samskipti ~

Meðvituð samskipti (*conscious communication*) er kunnátta sem við getum öll þróað betur til að bæta sambönd milli hvors annars. Flest okkar eiga í erfiðleikum með að eiga samskipti á þann hátt sem hjálpar okkur að skilja hvert annað. Erum við að tala án meiningar? Erum við að segja hvað sem okkur dettur í hug án þess að íhuga hvernig það gæti verið túlkað fyrir þá sem eru að hlusta? Erum við að leitast eftir samræðum eða viljum við í raun halda einræðu? Ég hef tekið eftir því í mínu daglega lífi hvað orð skipta bæði miklu máli en samt sem áður litlu máli. Það er að segja að sum orð geta breytt skoðunum annarra en síðan geta þau einnig fyllt inn í þögnina. Okkur er kennt hvernig á að lesa og skrifa, en við höfum ekki lært grunnatriði skýrra samskipta sem tjá ekki aðeins hugsanir okkar heldur einnig merkingu og ásetning orða. Við getum skaðað okkur sjálf og fólkið í kringum okkur með ómeðvituðum samskiptum. Fyrsta skrefið í iðkun vitundar er að fylgjast með okkur sjálfum. Taktu eftir því hvernig þú tjáir þig við annað fólk. Þú gætir byrjað á að spyrja sjálfan þig hvað þú vilt. Ertu að reyna að upplýsa? Opna umræður? Tengjast? Rífast?

Þótt við tjáum okkur að mestu leiti með orðum þá gleymist stundum að líkamshreyfing er einnig stór partur af því hvernig við höfum samskipti og hvernig við tjáum okkur. Eins og danshöfundurinn Martha Graham sagði eitt sinn: „*The body says what words cannot ... a philosopher has said that dance and architecture were the first arts. I believe that dance was first because it's gesture, it's communication ... it means it's communicating a feeling, a sensation to people. Dance is the hidden language of the soul, of the body.*“³ Ég tengdi þessi orð mikið við einstaklingsverkið þar sem ég tjáði mig ekki með orðum heldur líkamanum.

Flest okkar eiga í erfiðleikum með að eiga samskipti á þann hátt sem hjálpar okkur að skilja hvort annað. En hvað ef við myndum beina meiri athygli á líkamshreyfingar fólks þegar þau tala. Heilinn okkar og líkami skilur meira en við höldum. Hvernig tjáum við okkur í alvörunni? Erum við meðvituð um hvernig við tjáum okkur með líkamanum?

³ The New York Times. „*Martha Graham reflects on her art and a life in dance*“. Sótt 17. Febrúar, 2021.

~Fræði~

- Kundalini yoga - Meðvituð samskipti -

Remember, one wrong word said lives forever, on the Earth and in the heavens. There's no way you can get out of it. So speaking is not just for expression; speaking is not just a communication. It is a tool, it is a weapon which cuts the lips forever.⁴

Í Kundalini yoga eru samskiptin sem skipta mestu máli.⁵ Þessi hugsun er grunnur hugmyndafræðinnar um meðvituð samskipti í Kundalini yoga. Hér er verið að tala um að orð eru ekki einungis tól til að nota til tjáningar, heldur geta þau einnig verið vopn sem hægt er að nota á bæði jákvæðan og neikvæðan hátt. Um leið og orðin eru komin á yfirborðið er ekki hægt að taka þau til baka. Þau hafa verið heyrð. Á hverjum degi eigum við að jafnaði samskipti við marga. Þær manneskjur sem við umgöngumst eru okkur eflaust mikilvæg á óteljandi vegu, en þó gera mörg okkar mistök með að hafa ekki samskipti við þau á meðvitaðan hátt. Í staðinn tölum við án umhugsunar, orðin koma flæðandi upp úr munnum án þess að við vitum almennilega hvað verið er að segja og segjum hluti sem við sjálf trúum ekki. Kundalini yoga fjallar mikið um hvernig maður getur virkjað samskiptahæfnina sína. Það kennir hvernig á að gefa hlustun og hvernig líkamshreyfingar segja til um innri líðan. Þannig getur maður áttað sig bæði á því hvað hin manneskjan er í raun að segja og hvernig á að bregðst við því.⁶ Dæmi um slíka æfingu er að hlusta, svara með samúð og að upphefja og hvetja aðra með orðum.

Þegar samræður eiga sér stað þá er það til framtíðar. Þú talar aldrei til fortíðar eða fyrir nútímann. Með einni setningu er hægt að breyta skoðunum annara, hvernig álit þau hafa á þér eða um sig sjálfa. Þannig virka manneskjur. *Once you say it you can never take it back*, eins og mamma segir alltaf. Ég notaði aðferðir út frá Kundalini til að leggja áherslu á samskiptin á milli mín og hljóðnemans. Hlustunin þurfti að vera til staðar svo þetta myndi ganga upp, einnig að koma að honum með samúð. Ég þurfti að koma fram við hljóðnemann eins og hverja aðra manneskju. Eins og ég nefndi þá skipta samskipti miklu máli til að bæði skilja og vera skilin. Þetta er dansverk milli tveggja einstaklinga, þau eru bæði forvitin og tilbúin að hlusta en vita ekkert um hvort annað.

⁴ Yogi Bhajan. „*The Aquarian Teacher: Conscious Communication*“. Kafli. 1

⁵ Yogi Bhajan. „*The Aquarian Teacher: Conscious Communication*“. Kafli. 1

⁶ Yogi Bhajan. „*The Aquarian Teacher: Conscious Communication*“. Kafli. 3

- William Forsythe – Choreographic objects -

*An object is not so possessed by its own name that
one could not find another or better therefore.⁷*

Þessi setning kemur fram í ritgerð William Forsythe þar sem hann er að vitna í texta eftir listamanninn René Magritte. Setningin á vel við verkið mitt þar sem ég er að rannsaka og skoða hljóðnema „í fyrsta sinn“. Forsythe hefur þróað innsetningar, skúlptúra og kvikmyndir sem hann kallar kóreógrafískir hlutir. Með því að stroka út línur milli gjörnings, skúlptúrs og uppsetningar. Hann býður áhorfendum að vera kóreógrafaðir af hlutunum í rýminu og taka þátt í grundvallarhugmyndum danshöfunds.⁸ Forsythe talar einnig um að það sé engin kóreógraffía í sjálfu sér, að minnsta kosti ekki sem hægt er að skilja sem tiltekið dæmi sem tákna alhliða eða staðal fyrir hugtakið. Það er að segja kóreógraffía og dans eru tveir aðskildir og mjög ólíkir starfshættir. Þegar þetta tvennt fer saman þjónar kóreógrafían oft lönguninni að dansa. Því gæti maður gert ráð fyrir að efnið í kóreógrafiunni búi eingöngu í líkamanum; en er mögulegt fyrir danshöfund að skapa sjálfstæðar, aðgengilegar tjáningar umfram sínum eigin meginreglum.⁹ Getur hlutur kóreógrafað manneskju? Er hægt að kóreógrafa hluti án þess að nota líkaman? Ég byrjaði hugmyndavinnuna mína á að ímynda mér að hljóðneminn væri aðaldansarinn. Hvernig get ég látið hann vera sem mest í kastljósinu. Út frá spuna og leikjum þróaðist dansinn á milli mín og hljóðnemans í dúett. Það var ekki fyrr en í lok ferlis þegar ég áttaði mig á því að ég var ekki sú eina að stjórna hreyfingu verksins heldur var hljóðneminn einnig að stjórna mínum hreyfingum. Þetta tengist fræði Forsythe að því leiti hvernig hlutir og líkamar geta verið kóreógrafaðir saman og að kóreógrafíkin var ekki einungis búin til af mér heldur hljóðnemanum. Eins og ég nefndi þá var ég að rannsaka hljóðnemann og hljóðið sem kom frá honum í „fyrsta skipti“. Ég notaði spuna til að rannsaka hlutinn og kynnast honum betur. Tilraunir byrjuðu að myndast þegar ég var búin að kynnast hljóðnemanum og hvað hann væri fær um að gera. Þá urðu meiri hreyfingar sem breytust síðan í dansandi dúett milli mín og hljóðnemans. Þá leið mér loks eins og ég væri ekki bara ein með hlut heldur varð þetta að samtali milli okkar.

⁷ William Forsythe. „*Choreographic Objects*.“ Sótt 19. janúar, 2021.

⁸ William Forsythe. „*Nowhere and everywhere at the same time, No.3*.“ Sótt 19. janúar, 2021.

⁹ William Forsythe. „*Choreographic Objects*.“ Sótt 19. janúar, 2021.

- Fighting Monkey -

Í vinnuferlinu mínu notaði ég spuna til að kynna hljóðnemanum betur. Það var ekki fyrr en ég var orðin nógu örugg með tilraunir mínar þegar ég byrjaði að nota æfingar eins og *Practice Ball*¹⁰ úr tækninni Fighting Monkey, þar sem notast er við tennisbolta sem band er fest við, líkt og hljóðnemi sem hangir á snúru. Markmið æfingarinnar er að finna nýjar hreyfingar til að forðast snertingu við boltann. Finna nýjar leiðir með mismunandi líkamspörtum.¹¹ Þessi tækni kynntist ég í gegnum skólanum og hef ég gert mikið af og var *practice ball* mikill innblástur fyrir vinnuferlið. Ég notaði það til að ná einbeitingu og tengingu við hljóðnemann. Fighting Monkey kenndi mér einnig hvernig samskipti ég hef undir álagi. Meðan æfingarnar eru í gangi skapast samræða milli fólks sem eru saman í þrautunum. Einnig er kannað hvernig uppbygging okkar og lífeðlisfræði tengjast hegðun okkar, tilfinningum, hugsunum og hversu djúp áhrif þau hafa á hvort annað. Spurningar sem þú veist nú þegar og hvernig það mótar þína framtíð, hvernig öðlast ný þekking og hvernig er hægt að brjóta venjur og búa til betri.¹¹ Ég notaði mikið þessa fræði í minni rannsóknarvinnu.

„The development of communication within ourselves as well as with our social and physical environment with aim to refine our learning strategies and to create stories which will inspire and feed our vigor for life“¹²

Meðvituð samskipti tengist Fighting Monkey að því leiti að það er nauðsynlegt að hlusta, bæði á aðra og sig sjálfa. Það er mikilvægur þáttur í Fighting Monkey að hlusta á sjálfan sig.¹³ Vera meðvituð um samskiptin milli mín og míns. Ef þú hlustar ekki á sjálfa þig, hvernig getur þú náð tengingu milli tilfinninga og hugarástandsins. Meðvituð samskipt við aðra fylgir því líka að vera meðvitaður um sjálfa sig og hvernig manni líður. Ég notaði bæði *parctice ball* og hugmyndarfræði Fighting Monkey til að ná betri skilning á hljóðnemanum í rýminu. Hlustunin verður að koma frá öllum áttum. Að reyna koma sínum skoðunum á framfæri en neita að hlusta á skoðanir annara eða reyna hlusta en ekki á sig sjálfa. Það er ekki hægt að skella hurð án þess að það heyrst skell. Það virkar ekki. Sama hvað, þá mun hljóð alltaf vera til staðar í umhverfinu okkar. Hvaðan koma öll þessi hljóð og hvernig myndast þau?

¹⁰ Fighting Monkey. „About.“ Sótt 21. febrúar, 2021.

¹¹ Fighting Monkey. „About.“ Sótt 21. febrúar, 2021.

¹² Fighting Monkey. „About.“ Sótt 21. febrúar, 2021.

¹³ Fighting Monkey. „About.“ Sótt 21. febrúar, 2021.

~Hljóð~

Hljóð eða hljóðbylgjur eru þrýstingsbylgjur sem berast í gegnum efni. Eiginleikar hljóðs fara eftir bylgjulengd þess, tíðni og öðrum eiginleikum sem einkenna bylgjur almennt. Hljóðbylgjur ferðast með hljóðhraða, sem er mjög misjafn eftir efnum. En oftast er átt við hraða hljóðsins í lofti. Fólk skynjar hljóð með heyrnarskynfærum sínum.¹⁴ Hljóð er í formi orku, rétt eins og rafmagn og ljós. Hljóð myndast þegar loftsameindir titra og hreyfast í mynstri sem kallast bylgjur eða hljóðbylgjur. Hugsaðu um þegar þú klappar lófunum saman eða þegar þú skellir hurðina á bílnum. Sú aðgerð framleiðir hljóðbylgjur, sem berast að eyrum þínum og síðan til heilans, sem segir: „Ég kannast við þetta hljóð.“ Loftið er fært um að styðja ekki aðeins eina bylgju, heldur margar mismunandi bylgjur samtímis. Þetta þýðir að hægt er að blanda saman ýmsum hreinum tónum saman og senda það á sama tíma í loftið. Þannig verður tónlist, tal og annar hávaði til.¹⁶ Sum hljóð, svo sem sírenuvæl eða vekjaraklukkan, geta vakið með manni ónotatilfinningu vegna þess að þau eru til marks um eitthvað slæmt. En svo eru líka til hljóð sem eru einfaldlega óþægileg í sjálfu sér, jafnvel þótt þau séu meinlaus. Sumir þola ekki að heyra fólk bryðja klaka, aðrir fá klígju þegar diskur er rispaður með gaffli og sígilt dæmi er að hárin rísi þegar nöglum er strokið eftir krítartöfl. En hljóðið sem fær þig til að grípa um eyrun er endurkast (*feedback*) frá hljóðnema. Með því að leika við og stjórna hljóðbylgjum hljóðnemans komst ég að því hvað heyrðist mikið í loftinu. Eins og vindur þegar ég sveifla honum til og frá. Hljóðið óx því hraðari sem ég fór. Hvað myndi gerast ef ég sleppi? Hættir vindurinn? Hvað ef ég hreyfi bara snúruna, kemur þá hljóð? Spurningar álíka þessum birtust í vinnuferlinu. Ég vann með þær og prufaði mig áfram. Hvað virkaði og hvað ekki. Mistök urðu að rannsókn og forvitnin urðu til kunnáttu minnar á hljóðneman. Ég varð meiri örugg með hljóneman og hvað hann gæti gert. Ferlið þróaðist í djarfari leiki eins og að stjórna endurkasti hljóðnemans. Þar sem ég gat stjórnað endurkastinu með höndunum. Ég komast að því hvernig hljóðbylgjurnar breyturst með öðruvísi áherslu á orkustiginu mínu. Hversu hratt, hægt, fast eða laust ég beytti honum kom mismunandi hljóð. Út frá spuna og forvitni sem ég bar fyrir hljóðnemanum myndaðist verkið *Hún (ég) á orðið*.

¹⁴ Psychoacoustics of a Chilling Sound. „*Perception and Psychophysics*“. Bls. 7780.

¹⁶ Soundproofing Co. „*What is Sound?*“ Sótt 3. febrúar, 2021.

~Um verkið~

Hugleiðingar, uppruni og ferlið

Ég hef verið að þæla mikið í einmanaleika út af Covid-19 og hvernig ég höndlaði það. Hvað erum við ef enginn er þar til að hlusta eða vera vitni af sér sem manneskja. Einhverjar tilvistarkreppu vangaveltur sem allir fá af og til í lífinu. Allt í einu var líf mitt rólegt. Ég áttaði mig á því hvað ég hef lifað lífinu í gríðarlegum látum. Alltaf á iði og út um allt. Nú þurfti ég að setjast niður og hugsa minn gang. En manneskjur eru fljótt að aðlagast breytum aðstæðum. Í upphafi ferlisins sá ég strax fyrir mér hvernig sviðsmyndin myndi vera; hangandi hljóðnemi, kastari sem myndaði hring á miðju sviðs og svart rými. Ég er ekki enn viss afhverju þessi skýra mynd kom til mín en ég vissi strax að ég myndi nota hana. Ég vildi leika mér að hljóði. Ég hef alltaf haft áhuga á hljóði, takt og tónlist. Mér finnst áhugavert hvað sumir fíla svona tónlist og aðrir hinsegin. Hvernig tónlist og hljóð hefur áhrif á tilfinningarnar. Mig langaði að vinna með og leika mér að því hvernig hljóð myndast. Hvernig get ég stjórnað tilfinningum áhorfenda með tónlist og hljóðum. Hvað gerist þegar maður upplifir algjöra þögn, hvaða tilfinningar/hugsanir koma fram. Hvað byrjar þú að hugsa um þegar það eru engar truflarnir í umhverfinu? Þótt ég sitji ein heima með enga tónlist í græjunum, með slökkt á sjónvarpinu og herbergisfélaginn ekki heima. Þá heyri ég samt í umhverfinu í kringum mig; keyrandi bílar, fugla söngur, frönsku nágrannarnir á háalofinu að rífast, jafnvel kirkjubjöllurnar í Hallgrímskirkjunni. Ég hef verið að taka upp þau hljóð í umhverfinu mínu og samræður milli vina minna síðan í sumar og notaði það til að klippa saman í eina hljóðmynd. Stundum kemur inn „*alvöru tónlist*“ í bakgrunninn á þessum hljóðmyndum, til dæmis þegar ég hef farið á kaffihús eða prakkarast á skemmtistöðum bæjarins. Mér langaði að sýna fram á það hvað við erum stanslaust að hlusta á hljóðin í umhverfinu, sama hvert er farið. Ég set tónlist í eyrun þegar ég labba frá A til B, hef samræður við vini og kunningja, horfi á sjónvarpið þegar mér leiðist, syng í sturtuni og tala í símann. Alltaf að gera eitthvað, hlusta á eitthvað eða segja eitthvað. Hvað er maður alltaf að segja? Er einhverntíman þar sem ég er ein með sjálfri mér, ekki að gera né hlusta á neitt. Það eina sem ég verð skilin eftir eru mínar eigin hugsanir. Út frá þessu hugmyndaflæði kynntist ég hugtakinu meðvituð samskipti sem ég útskýrði fyrir í textanum. Ég notaði upptökur af samtölum í hljóðmyndina ásamt öðrum hljóðum til að varpa ljósi á meðvituð samskipti. Þegar hlustað er á hljóðmyndina nærðu aðeins að gripið í nokkur orða eða setningar en nærð aldrei að átta þig á umfangsefni samtalsins. Þetta er mín útfærsla á því hvernig ómeðvituð samskipti hljóma.

Verkið samanstendur af hljóði og þögn, manneskju og hlut. Sýningarýminu er skipt upp í tvo hluta. Annar hlutinn er tómur og ekkert annað gerist en að áhorfendur upplifa hljóðmyndina. Hljóðmyndin saman stendur af samræðum, umhverfishljóðum og party standi sem síðan myndaðist meðal áhorfenda sem bíða eftir að sjá sýninguna. Sýningin er í raun byrjuð og þau eru hluti af sýningunni. Það sem er svo skemmtilegt við mannskepnuna er hversu fljót hún er að aðlagast aðstæðum. Þegar áhorfandinn er búinn að dveljast í hljóðmyndinni í smá tíma hleypi ég þeim inn í þögnina og mun áhorfandinn átta sig á því hversu miklum hávæða hann var í. Ég vildi að fólk fyndu fyrir ró þegar þau löbbuðu inn í þögnina en einnig taka með sér tilfinninguna sem þau fengu þegar þau voru inni í hávaðanum. Ég og hljóðneminn vorum síðan í síðari salnum, í þögninni. Áhorfandinn fylgist síðan með mér uppgötva hljóðnema í fyrsta sinn; hvað hann gerir og hver tilgangur hans er. Áhorfandinn upplifir meðvituð samskipti milli flytjanda og hljóðnemans. En í húmorískri tilraun talaði ég aldrei í hann. Ég rannsakaði hvaðan hljóðin koma og hvernig þau myndast. Ég nota kóreógrafískar aðferðir til þess að búa til hljóð út frá hljóðnemanum og þar að leiðandi er ég að rannsaka bæði líkamann minn og form hljóðnemans. Í vinnuferlinu rannsakaði ég mismunandi aðferðir til að mynda hljóð í gegnum hljóðneman án þess að nota röddina. Rannsóknin í spunavinnunni var; Hvernig er hægt að nota hljóðneman án þess að nota röddina? Hvað ef ég vissi ekki tilgang hljóðnemans, hvernig myndi ég þá nota hann? Hvað þýðir hljóð? Ef ég þýði beint yfir á ensku boðhátta orðasambandið „hafið hljóð“ gæti það útlaggst sem „start a sound“.

Hljóðnemi er hlutur sem nemur hljóð en hvað er hljóð, er það þögn eða læti? Viljiði vinsamlegast hafa hljóð!
Hvaða hljóð var þetta? Það er svo hljótt hérna...ofl.

Að vinna ein var mikil vinna og lærdómsreynsla. Ég er mikil félagsvera svo þetta ferli var bæði erfitt fyrir einbeitinguna og ákvörðunartökur mínar. Ég var dugleg að taka upp spuna og skrifa niður hvað virkaði og hvað ekki. Einnig fékk ég hjálp bekkjasystur minna, þar sem ég horfði á meðan hún rannsakaði og dansaði með hljóðneman. Það var gott að fá annað viðhorf á hvað hljóðneminn gat gert. Ég lærði að treysta ferlinu og efninu. Um leið og ég treysti og trúði á efnið þá komu hlutirnir saman. Auðvitað átti ég tímabil sem ég efaðist allt og langaði að byrja upp á nýtt en þá er gott að tala við einhvern. Að hafa einhvern sem styður mann er nauðsyn. Einhver sem hlustar hlustar. Hlustun er mikilvægara en við gerum okkur grein fyrir. Hver er tilgangurinn ef enginn hlustar? Hvað gerum við til að fylla tómið?

~Lokaorð~

Takk og blessbless

Þetta ferli var fljótt að líða. Ég er enn að velta því fyrir mér: Hvað ef ég hafði notað tvo hljóðnema? En þrjá? Hvernig væri verkið með fleirri dönsurum/flyjendum? Gæti ég breytt þessu í vídeóverk? Endalausar spurningar og vangaveltur koma til mín í tengslum við þemað. Ég er mjög sátt með það sem komið er og auðvitað er alltaf hægt að þróa verkið áfram. Fleiri hugmyndir koma, því lengra sem ég vinn með verkið. Það sem ég myndi segja væri erfiðast við ferlið sjálft er að vinna ein. Það er mun erfiðara en ég hélt. Ég lít á þetta sem mikla og lærdómsríka reynslu. Ég stökk út í djúpulaugina og lærði að synda. Í lokin varð ég ánægð með útkomuna. Rannsóknin kenndi mér mikið á að hlusta á sjálfan mig. Að vera minn eigin „peppari.“ Ég komst að því hvað hlustun tengist flestu sem við gerum í lífinu og mikilvægi þess að hlusta og vera hlustaður á. Ég áttaði mig á því að hljóðneminn var ekki einungis hlutur í verkinu, að styðja við flutninginn heldur dansari mér við hlið. Við unnum í sameiningu að búa til hljóð og hreyfingu í rýminu. Dúett myndaðist milli hljóðnemans og líkama. Það var áhugavert að vinna með andstæðingana hljóð og þögn. Ég mun halda áfram minni rannsókn þótt ferlið innan skólans sé lokið. Hlustunin á marga staði að leita eins og með allar samfélagslegu baráttunum sem eiga sér stað í dag; feminism, racism og LGBTQ ef nokkuð sé nefnt. Ef aðeins hlustun væri til staðar væri minna um baráttur fyrir almennum jafnréttindum. Verum meðvituð í samskiptum og hlustum á okkar sjálf.

Ertu að hlusta eða

ertu að hlusta hlusta?

~ Heimildaskrá ~

Prentaðar heimildir:

D. Lynn Halpern, Randolph Blake og James Hillenbrand. *Psychoacoustics of a chilling sound: Perception and Psychophysics*. Illinois: Northwestern University, 1986.

Yogi Bajan. The Kundalini Research Institute ritstýrðu „*The Aquarian Teacher: Conscious Communication*“. Kennsluhefti. Los Angeles: 3HO (Healthy, Happy, Holy Organization), 2006.

Vefheimildir:

Linda Kapetanes og Jozef Fucek. Fighting Monkey „*About.*“. Sótt 21. Febrúar 2021 af: <https://fightingmonkey.net/about>.

The New York Times. „*Martha Graham reflects on her art and a life in dance.*“ 31. Mars, 1985. Sótt 17. Febrúar 2021 af: <https://www.nytimes.com/1985/03/31/arts/martha-graham-reflects-on-her-artand-a-life-in-dance.html>.

Soundproofing Co “*What is Sound?*“. 2019. Sótt 3. febrúar 2021 https://www.soundproofingcompany.com/soundproofing_101/what-is-sound.

William Forsythe. „*Choreographic Objects.*“ 2009. Sótt 22. janúar 2021 <https://synchronousobjects.osu.edu/assets/objects/conceptThreadsAnimation/WilliamForsythe-ChoreographicObjects.pdf>.

William Forsythe. „*Nowhere and everywhere at the same time, No.3.*“ William Forsythe, *Choreographic Objects*. 2015. Sótt 22. janúar 2021 https://www.williamforsythe.com/installations.html?&pid=4&count=16&no_cache=1&detail=1&uid=65.

YouTube. „*Talking Heads - Psycho Killer (Official Audio)*“. 01:21. Sótt 26. febrúar 2021 af: <https://www.youtube.com/watch?v=eauZzwt8Ci8>.